

**STJÓRNARFUNDUR HALDINN Á KAFFI KRÓK, SAUÐÁRKRÓKI MIÐVIKUDAGINN.  
5. SEPTEMBER KL 09:30**

Miðvikudaginn 5. september 2012 kom stjórn SSNV saman til fundar á Kaffi Krók á Sauðárkróki. Mættir voru Bjarni Jónsson, Sigurjón Þórðarson, Ágúst Þór Bragason, Adolf H. Berndsen og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Lögð fram til kynningar.
2. **7 mánaða rekstaryfirlit SSNV og SSNV atvinnuþróunar.** Framkvæmdastjóri skýrði einstaka liði.
3. **Erindi SSNV til ríkisstjórnarinnar frá 20. Mars s.l – staða mála og næstu skref.** Lagt fram svar ráðuneyta við erindi SSNV sem lagt var fram á fundi með forsætisráðherra og þrem öðrum ráðherrum þann 20. Mars s.l., en svörin voru send SSNV til umsagnar. Miklar umræður urðu um málið og stjórnin lýsir miklum vonbrigðum með fyrirliggjandi viðbrögð við erindi SSNV. Fátt er þar enn að finna sem geta talist fullnægjandi eða háttvís svör. Stjórnin ítrekar mikilvægi þess að gripið verði til aðgerða til að rétta stöðu landshlutans og jafnframt að nýta betur þau tækifæri sem þar bjóðast. Formanni og framkvæmdastjóra falið að leggja drög að svári og senda forsætisráðneytinu.
4. **Menningarsamningur – viðauki. Staða mála.** Formaður fór yfir málið í heild sinni frá því að fundað var með mennta og menningarmálaráðherra í mars mánuði þar sem farið var fram á leiðréttingu á framlagi til viðaukasamnings til stofn og rekstarstyrkja við samstafssamning SSNV og ríkisins frá 15. apríl 2011. Krafa SSNV var að framlagið yrði ekki lægra en kom til verkefna á Norðurlandi vestra í gegnum safnliði fjárlaga 2011, eða 16 milljónir króna. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu hefur nú í kjölfar fundar fulltrúa SSNV með menntamálaráðherra verið gengið frá sérstökum samningi við Sögusetur Íslenska hestsins uppá 4 milljónir króna. Þá er stjórninni kunnugt um að samningur sé í farvatninu við Selasetur Íslands, en samkvæmt samkomulagi Mennta og menningarmálaráðuneytisins og sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytisins mun síðarnefnda ráðuneytið annast þá samningsgerð. Miklar umræður urðu um málið og eftirfarandi samþykkt.  
*Stjórn SSNV samþykkir viðauka samstarfssamning ríkisins og SSNV um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu frá 15. Apríl 2011 að upphæð 10,3 milljónir króna vegna árana 2012 og 2013. Stjórn ítrekar fyrri yfirlýsingar um að 35% niðurskurður á framlögum til stofn og rekstarstyrkja Menningarsamnings Norðurlands vestra verði leiðréttur á árinu 2013.*  
Stjórnin felur Bjarna Jónssyni formanni undirritun samningsins.
5. **Undirbúningur 20. ársþings**
  - a. **Drög að dagskrá. Umræður urðu um dagskrárdrögin.** Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í dagskrá til næsta fundar.
  - b. **Drög að fjárhagsáætlun.** Framkvæmdastjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun SSNV og SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2013. Umræður urðu um áætlanirnar. Stjórn samþykkir framlagðar áætlanir og vísar þeim til afgreiðslu 20. Ársþings .
6. **Sameiginleg barnaverndarnefnd á Norðurlandi vestra- niðurstöður starfshóps.** Lagðar fram niðurstöður starfshóps sem stjórn skipaði í október 2011 í framhaldi af samþykkt 19. Ársþings. Í starfshópnum áttu sæti Magnús B. Jónsson sveitarstjóri svf. Skagastrandar, Ásta Pálmadóttir sveitarstjóri svf. Skagafjarðar og Skúli Þórðarson sveitarstjóri Húnaþings vestra. Framkvæmdastjóri SSNV starfaði með hópnum auk þess

sem félagsmálastjórar sveitarfélagana komu að vinnunni auk formanna barnaverndarnefnda A-Hún og Skagafjarðar. Niðurstöður starfshópsins eru í formi tillögu að samstarfssamningi sveitarfélagana um sameiginlega barnaverndarnefnd auk tillagna að verklagsreglum nefndarinnar sem unnin var af Jóni Björnssyni félagsráðgjafa og fyrrverandi félagsmálastjóra Akureyrarbæjar.

*Stjórn SSNV samþykkir tillögu starfshópsins og samþykkir jafnframt að senda tillögurnar til umsagnar sveitarfélagana þar sem óskað verður formlegs umboðs þeirra til þess að stjórn SSNV skipi í nefndina á grundvelli fyrirliggjandi tillögu.*

7. **Tillaga formanns um átaksverkefni til að auka möguleika ungs fólks til starfa og búsetu.** Formaður ræddi hugmynd um ráðist verði í sérstakt átaksverkefni um aðgerðir til þess að stemma stigu við brottflutningi ungs fólks af svæðinu. Umræður urðu um málið og eftirfarandi tillaga formanns samþykkt.  
*Stjórn SSNV samþykkir að fara í átaksverkefni sem miðar að því að ráðast í aðgerðir til þess að stemma stigu við brottflutningi yngra fólks af svæðinu og skapa því aukin tækifæri í landshlutanum. Markmið verkefnisins verði að gera svæðið enn eftirsóknarverðara til búsetu og starfa fyrir ungt fólk. Leitað verði samstarfs við sveitarfélög, fyrirtæki, skóla og stofnanir innan svæðis sem utan og ítrekaðar óskir um viðtæka aðkomu stjórnvalda að slíku átaksverkefni.*
8. **Efni frá landshlutasamtökunum.**
  - a. **Fundargerð sumarfundar formanna og framkvæmdastjóra LHSS í Grímsborgum þann 14. júní s.l.** Lögð fram til kynningar.
  - b. **Fundargerð stjórnar SSA frá 24. Ágúst 2012.** Lögð fram til kynningar.
  - c. **Fundargerð stjórnar SSV frá 21. Ágúst 2012.** Lögð fram til kynningar.
9. **Bréf**
  - a. **Óbyggðanefnd vegna krafna íslenska ríkisins um þjóðlendur á Norðurlandi vestra.** Lagt fram til kynningar.
  - b. **Afrit bréfa sveitarstjórnar Húnaþings vestra til Vegagerðarinnar vegna óska um útbætur á gatnamótun Þjóðveggar 1 og Hvammstangavegar.** Lagt fram til kynningar. Stjórn SSNV ítrekar fyrir undirtektir við sjónarmið Húnaþings vestra í málinu.
  - c. **Afrit af bréfi sveitarstjórnar Skagafjarðar til Innanríkisráðherra og Sambands Íslenskra sveitarfélaga um umsögn um reglugerð um fjármál sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.
10. **Efni frá Skipulagsnefnd Sambandsins.**
  - a. **Fundargerð skipulagsnefndar frá 17.08.2012.** Lögð fram til kynningar.
  - b. **Áherslur við endurskoðun vegalaga.** Lagt fram til kynningar. Undir þessum lið var lagt fram til kynningar afrit af bréfi Húnaþings vestra til Vegagerðarinnar þar sem mótmælt er einhliða ákvörðun um niðurfellingu vega á Hvammstanga af vegaskrá. Eftirfarandi bókun var samþykkt. *Stjórn SSNV mótmælir einhliða ákvörðun Vegagerðarinnar um niðurfellingu vega af vegaskrá m.a á Hvammstanga, Blönduósi og Hofsósi og hvetur Vegagerðina til þess að endurskoða fyrri ákvörðun nú þegar.*
  - c. **Áherslur við gerð frumvarps um almenningsamgöngur.** Lagt fram til kynningar. *Stjórn SSNV leggur áherslu á að gerð frumvarpsins verði hraðað og það lagt fyrir Alþingi sem fyrst.*
  - d. **Minnisblað vegna landsskipulagsstefnu.** Lagt fram til kynningar.



**11. Önnur mál.**

- a. **Bréf Innanríkisráðherra dags 30. Ágúst 2012.** Í bréfinu er kynnt vinna við mótun innanríkisstefnu landsmanna sem réttlæti, lýðræða og sterka innviði að leiðarljósi. Gildandi stefna og aðgerðaráætlanir í málaflokkum ráðuneytisins munu verða hluti innanríkisstefnunnar, þar með taldar samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun sem lagðar voru fyrir Alþingi á síðasta löggjafarþingi. Stefnt er að því að innanríkisstefna verði tilbúin í ársbyrjun 2013. Í bréfinu er landshlutasamtökum sveitarfélaga boðið að taka þátt í samráði um mótun stefnunnar.  
Frankvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga.

**Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:30**

**Jón Óskar Pétursson fundarritari**